

# REGLUR

## um aðfaranám að háskólanámi.

### I. KAFLI

#### Almennt.

##### 1. gr.

Aðfaranám er ætlað þeim nemendum sem hyggja á háskólanám en fullnægja ekki inntöku-skilyrðum um stúdentspróf. Aðfaranám er einnig ætlað þeim nemendum sem lokið hafa námi á framhaldsskólastigi en þurfa að bæta við sig þekkingu áður en til náms á háskólastigi kemur.

Viðurkenndum háskóla er heimilt samkvæmt 4. mgr. 19. gr. laga um háskóla nr. 63/2006 að bjóða upp á aðfaranám en námið skal skipulagt í samráði við mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Háskóli sem hyggst bjóða upp á aðfaranám skal gera tillögur til ráðuneytisins um fyrirkomulag, samhengi og inntak náms í samræmi við aðalnámskrá framhaldsskóla, einkum varðandi þrepasetningu og umfang. Ráðuneytið veitir leiðsögn við tillögugerðina.

Háskóla er heimilt að gera samning við viðurkenndan skóla á framhaldsskólastigi til að annast aðfaranám en námið er eftir sem áður á ábyrgð viðkomandi háskóla.

Aðfaranám miðar að því að undirbúa nemendur undir háskólanám á Íslandi en tryggir ekki sjálfkrafa aðgang að öllu námi á háskólastigi við íslenska háskóla. Einstakir háskólar eða háskóla-deildir geta sett sérstök inntökuskilyrði á tiltekna námsbrautir. Skóli sem býður upp á aðfaranám skal upplýsa nemendur sem stefna á inngöngu í háskóla um þennan rétt einstakra háskóla og háskóladeilda.

### II. KAFLI

#### Námsframboð og prófgráður.

##### 2. gr.

Aðfaranám er ætlað nemendum 25 ára og eldri. Undanþága frá reglu um aldur er einungis veitt ef nemandi hefur áður lokið prófi á framhaldsskólastigi, svo sem iðnnámi eða stúdentsprófi, og þarf að bæta við sig þekkingu áður en nemandi hefur nám á háskólastigi.

##### 3. gr.

Til þess að hefja aðfaranám þarf nemandi að hafa lokið að minnsta kosti 140 framhaldsskóla-einingum. Hluti þeirra eininga geta verið metnar til raunfærni af þar til bærum aðilum samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008. Samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla veitir öll vinna nemenda í fullu námi 60 framhaldsskólaeiningar á einu skólaári eða 30 einingar á önn. Aðfaranám skal skipulagt þannig að nemandi í fullu námi skuli að jafnaði ljúka því á tveimur önnum. Veitt er undanþága frá þessu viðmiði ef nemandi hefur áður lokið prófi í iðngrein, sbr. 4. gr.

##### 4. gr.

Aðfaranám skal skipulagt sem 60 framhaldsskólaeiningar til viðbótar fyrra námi. Aðfaranámið ásamt fyrra námi skal mynda 200 eininga heild sem lýtur kröfum um kjarnagreinar til stúdentsprófs. Námið skal byggt á hæfniprepum sem lýst er í aðalnámskrá framhaldsskóla auk aðgangsviðmiða viðkomandi háskóla.

Undanþága frá ofangreindu skipulagi aðfaranáms til viðbótar fyrra námi er veitt ef nemandi hefur áður lokið prófi í iðngrein og þarf að bæta við sig þekkingu áður en til náms á háskólastigi kemur. Þá er heimilt að skipuleggja aðfaranám sem allt að 120 framhaldsskólaeiningar til viðbótar fyrra námi. Námið skal byggt á hæfniprepum sem lýst er í aðalnámskrá framhaldsskóla auk aðgangsviðmiða viðkomandi háskóla.

##### 5. gr.

Skóli sem annast námið gefur út prófskírteini til staðfestingar á námslokum nemanda úr aðfaranámi. Á prófskírteini skal koma fram merki skóla og heiti og upplýsingar um nám nemanda í aðfaranámi, fyrra námi og raunfærnimati. Þá skal tilgreina heiti námsloka og námsbrautar. Einnig skal

tilgreina uppröðun námsins á hæfniprep í samræmi við aðalnámskrá framhaldsskóla, einstakar námsgreinar og áfangaheiti og einkunnir áfanga. Prófskírteinið skal vera dagsett, stimplað og undirritað.

III. KAFLI

**Gildistaka.**

6. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 4. mgr. 19. gr. laga um háskóla, nr. 63/2006, með áorðnum breytingum, öðlast þegar gildi.

*Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 9. desember 2013.*

**Illugi Gunnarsson.**

\_\_\_\_\_  
*Ásta Magnúsdóttir.*